**60. fundur íþróttar- og tómstundanefndar Skaftárhrepps, haldinn þann 26.nóvember 2014, kl. 16:00, á skrifstofu Skaftárhrepps.**

**Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.**

Á fundinn mættu: Kristín Lárusdóttir (formaður), Bjarni Bjarnason og Rannveig Ólafsdóttir sem ritar fundargerð, Sigmar Helgason (umsjónarmaður íþróttamannvirkja), Jóhann Gunnar Böðvarsson æskulýðs- og íþróttafulltrúi og Eygló Kristjánsdóttir sveitastjóri

**Dagskrá:**

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015

Eygló fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og nefndarmenn koma með athugasemdir. Ýmsar breytingar eru gerðar við marga liði sem sveitarstjórn fer yfir og samþykkir eða hafnar. Helstu lækkanir fyrir árið 2015 eru í yfirvinnulaunum hjá starfsmanni íþróttamiðstöðvar og helstu hækkanir eru í öðrum tækjakaupum í íþróttahúsi og í sundlaug svo sem rimlar meðfram lauginni og viðhaldsþjónusta við sundlaugardúk og lagfæring á yfirbreiðsludúk og rúllu.

2. Önnur mál

a. Söngkeppni félagsmiðstöðva

Jóhann greinir frá stöðu mála varðandi undirbúning söngkeppni félagsmiðstöðva sem haldin verður 16.janúar í íþróttamiðstöðinni á Klaustri og kostnaðaráætlun varðandi hana.

b. Gjaldskrárbreytingar í íþróttamiðstöð

Stakt gjald fyrir tækjasal og sund breytt úr 650 kr í 1000 kr
4ra mánaða kort á 15.000 kr breytt í 3ja mánaða kort á 15.000 kr
Stakur tími í sund fyrir fullorðna breytt úr 500 kr í 600 kr

c. Tilnefningar á íþróttamanni ársins 2014

Ákveðið er tilnefna íþróttamann ársins 2014 á sumardaginn fyrsta og leita eftir tilnefningum eftir áramót.

**Fleira ekki rætt. Fundagerð lesin yfir og samþykkt**
**Fundi slitið kl. 18:25.**

| | |
|---|---|
| **Kristín Lárusdóttir** | **Bjarni Bjarnason** |
| **Rannveig Ólafsdóttir** | **Jóhann Gunnar Böðvarsson** |
| **Eygló Kristjánsdóttir** | **Sigmar Helgason** |